

7. gr.

1. mgr. 40. gr. laganna orðast svo:

Til Kirkjugarðasjóðs, sem stofnaður var með 27. gr. laga nr. 21/1963, skulu renna að lágmarki 8% af fjárveitingu til kirkjugarða skv. 39. gr. en að hámarki 12%. Framlag til sjóðsins skal vera í samræmi við úthlutunarreglur sem samþykktar eru af kirkjugarðaráði fyrir upphaf hvers fjárhagsárs. Heimilt er að veita smæstu kirkjugörðum framlag úr Kirkjugarðasjóði í stað hlutdeildar í heildarframlagi til kirkjugarða skv. 39. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Björn Bjarnason.

LÖG

um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Allar fasteignir skulu bera fast auðkenni, fasteignanúmer, sem Fasteignamat ríkisins úthlutar við forskráningu. Númerið er hlaupandi raðtala og felur ekki í sér aðrar upplýsingar. Undir fasteignanúmer fellur:

1. *Landnúmer*, sem er auðkenni landskika.
2. *Heitinúmer*, sem er auðkenni fasteignaheita.
3. *Fastanúmer*, sem er auðkenni eignarhluta í mannvirki eða mannvirkja í heild sinni, ásamt lóðarréttindum.

Auk fasteignanúmers ber hver fasteign heiti samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar eða samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um heiti fasteigna, annarra en þeirra sem falla undir lög um bæjanöfn o.fl.

2. gr.

13. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nýtt matsverð skal þegar skrá í Landskrá fasteigna og gildir það með þeim almennu breytingum sem á því geta orðið eða þar til því er hrundið með nýju mati.

4. gr.

Við lög in bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að halda og þróa Landskrá fasteigna skulu húseignendur greiða til þess sérstakt umsýslugjald á árunum 2005 og 2006. Skal gjald þetta nema 0,1% (prómilli) af brunabótamati hvernar húseignar. Skal vátryggingafélag innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila umsýslugjaldi til Fasteignamats ríkisins eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Geir H. Haarde.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. a laganna:

- a. Í stað orðanna „er endanlegur“ í 2. mgr. kemur: verður honum ekki skotið til annarra stjórnvalda.
- b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Að kröfu stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir hönd sjóðsins getur nefndin frestað réttaráhrifum úrskurðar síns telji hún að hann muni hafa í för með sér veruleg fjárhagsleg áhrif á sjóðinn. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en 10 dögum frá birtingu úrskurðar. Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar að auki vera bundin því skilyrði að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestun og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan 30 daga frestsins. Þegar mál er höfðað vegna úrskurðar málskotsnefndar er henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála, sem til meðferðar eru hjá nefndinni, þar til dómur gengur.